

AUGLÝSING
um bókun um sérréttindi og friðhelgi
Veðurtunglastofnunar Evrópu (EUMETSAT).

Hinn 3. júní 2014 var ríkisstjórn Sviss afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar um sérréttindi og friðhelgi Veðurtunglastofnunar Evrópu (EUMETSAT) sem gerð var í Darmstadt 1. desember 1986. Bókunin öðlaðist gildi gagnvart Ísland 3. júlí 2014.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 19. október 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

BÓKUN
UM SÉRRÉTTINDI OG FRÍÐHELGI
VEÐURTUNGLASTOFNUNAR EVRÓPU
(EUMETSAT)

öðlaðist gildi hinn 5. janúar 1989 með áorðnum breytingum vörsluaðila
bókunarinnar um forréttindi og friðhelgi frá 12. janúar 2004.

Formálsorð.

Aðildarríkin að samningnum um stofnun Veðurtunglastofnunar Evrópu (EUMETSAT), sem lagður var fram til undirritunar í Genf hinn 24. maí 1983, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu sem fylgir með ályktun ráðsins EUM/C/Res. XXXVI sem öðlaðist gildi hinn 19. nóvember 2000 (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

SEM ÆSKJA ÞESS að skilgreina forréttindi og friðhelgi í samræmi við ákvæði 13. gr. samningsins,

SEM STAÐFESTA að þau forréttindi og sú friðhelgi sem sett eru fram í bókun þessari þjóna þeim tilgangi að tryggja að opinber starfsemi EUMETSAT gangi snurðulaust fyrir sig,

Hafa ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

Notkun hugtaka.

Í bókun þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „*aðildarríki*“ merkir aðildarríki að samningnum,
- b) „*skjalasafn*“ merkir allar skrár, m.a. bréfaskipti, skjöl, handrit, ljósmyndir, filmur, ljós- og segulrit, gagnaskrár og tölvuforrit sem tilheyra eða eru í vörslu EUMETSAT,
- c) „*opinber starfsemi*“ EUMETSAT merkir alla starfsemi sem EUMETSAT stundar til þess að ná markmiðum sínum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. samningsins og felur í sér stjórnýslu,
- d) „*eign*“ merkir allt það sem eignarréttur kann að ná til, einnig samningsbundinn réttur,
- e) „*fulltrúar*“ aðildarríkja merkir fulltrúa og ráðgjafa þeirra,
- f) „*starfsmenn*“ merkir aðalframkvæmdastjórnann og alla einstaklinga sem EUMETSAT hefur ráðið í vinnu og hafa fasta stöðu og starfsmannareglur EUMETSAT gilda um,
- g) „*sérfræðingur*“ merkir einstakling sem er ekki starfsmaður en er tilnefndur til þess að leysa tiltekið verkefni fyrir hönd EUMETSAT og á kostnað þeirrar stofnunar.

2. gr.

Réttarstaða lögaðila.

EUMETSAT skal hafa réttarstöðu lögaðila í samræmi við 1. gr. samningsins. Stofnunin skal einkum hafa lagaheimild til að gera samninga, afla fasta- og lausafjármuna og ráðstafa þeim og til að vera aðili að dómsmáli.

3. gr.

Friðhelgi skjalasafns.

Skjalasafn EUMETSAT skal njóta friðhelgi.

4. gr.

Friðhelgi gagnvart lögsögu og fullnustuaðgerðum.

1. EUMETSAT skal, innan þess sviðs sem opinber starfsemi stofnunarinnar markar, njóta friðhelgi gagnvart lögsögu og fullnustuaðgerðum, nema:

- a) að því marki sem stofnunin hefur, með ákvörðun ráðsins, afsalað þess háttar friðhelgi í tilteknu máli með ótvíræðum hætti, ráðinu beri skylda til að afsala þessari friðhelgi í öllum málum þegar tiltrú á henni myndi torvelða framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að skaða hagsmuni EUMETSAT,
 - b) þegar um ræðir einkamál sem þriðji aðili höfðar vegna tjóns sem hlýst af ökutæki eða annars konar flutningatæki sem tilheyrir EUMETSAT eða sem sú stofnun rekur eða þegar um ræðir umferðarlagabrot þar sem þess háttar öku- eða flutningatæki kemur við sögu,
 - c) þegar um ræðir fullnustu úrskurðar gerðardóms skv. 21., 22. eða 23. gr. bókunar þessarar eða 15. gr. sammingsins,
 - d) í tilviki löggeymslu launa og þóknana, samkvæmt ákvörðun stjórnvalda eða dómsmála-yfirvalda, þ.m.t. lífeyrisréttindi, sem starfsmenn eða fyrrverandi starfsmenn eiga inni hjá EUMETSAT,
 - e) þegar um ræðir gagnkröfu sem tengist beint dómsmáli sem EUMETSAT höfðar,
 - f) þegar um ræðir viðskiptastarfsemi sem EUMETSAT kann að taka þátt í.
2. Eignir EUMETSAT skulu njóta friðhelgi hvar sem þær eru staðsettar:
- a) gagnvart hvers konar framsalskröfu, upptöku eða eignarnámi,
 - b) gagnvart hvers konar löghaldi og þvingunaraðgerð af hálfu stjórnvalds eða til bráðabirgða af hálfu dómssvalds, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í málsgreininni hér að framan.

5. gr.

Skatta- og tollákvæði.

1. EUMETSAT, eignir stofnunarinnar og tekjur skulu, innan þess sviðs sem opinber starfsemi hennar markar, undanþegnar beinum sköttum.
2. Þegar innkaup eru gerð eða þjónusta notuð þar sem um veruleg verðmæti er að ræða og sem eru eða er nauðsynleg vegna opinberrar starfsemi sem EUMETSAT stundar og þegar skattar eða tollar eru innifaldir í verðinu, skal það aðildarríki sem hefur lagt skattana eða tollana á gera viðeigandi ráðstafanir til þess að veita undanþágu frá fyrrnefndum sköttum eða tollum eða að gera ráðstafanir til þess að endurgreiða þá séu þeir auðþekktanlegir.
3. Vörur, sem EUMETSAT flytur inn eða út og eru nauðsynlegar vegna opinberrar starfsemi sem stofnunin stundar, skulu undanþegnar öllum inn- og útflutningstollum og -sköttum og öllum inn- og útflutningsbönnum og -takmörkunum.
4. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skatta eða tolla sem eru einungis gjöld fyrir almannaþjónustu.
5. Vörur, sem er aflað eða eru fluttar inn og eru undanþegnar samkvæmt þessari grein, skal ekki selja, leigja út eða afhenda gegn greiðslu eða gjaldfrjálst nema samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið, sem hefur veitt undanþágur eða innt af hendi endurgreiðslur, ákveður.

6. gr.

Fjármunir, gjaldmiðill og verðbréf.

EUMETSAT er heimilt að taka við og halda hvers kyns fjármunum, gjaldmiðli, reiðufé og verðbréfum. Stofnuninni er heimilt að ráðstafa þeim að vild vegna opinberrar starfsemi sinnar af hvaða toga sem er og halda úti reikningum í hvaða gjaldmiðli sem er að því marki sem er nauðsynlegt til þess að uppfylla skuldbindingar sínar.

7. gr.

Samskipti.

1. Vegna opinberra samskipta sinna og yfirfærslu allra skjala sinna skal EUMETSAT eigi hljóta lakari meðferð en þá sem sérhvert aðildarríki veitir öðrum sambærilegum alþjóðastofnunum.
2. Að því er varðar gagnasendingar innan þess sviðs sem opinber starfsemi EUMETSAT markar skal stofnunin hljóta, á yfirráðasvæði sérhvers aðildarríkis, meðferð sem er jafn hagstæð þeirri sem viðkomandi ríki veitir landsbundinni veðurþjónustu sinni, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga fyrrnefnds ríkis viðvíkjandi fjarskiptum.

8. gr.
Útgefið efnis.

Dreifingu útgefins efnis og annarra upplýsinga, sem EUMETSAT sendir frá sér eða fær send, skal eigi takmarka með neinum hætti.

9. gr.
Fulltrúar.

1. Fulltrúar aðildarríkja skulu, meðan þeir gegna opinberum hlutverkum sínum og á ferðum sínum til og frá fundarstað, njóta eftirtalinna forréttinda og friðhelgi:
 - a) friðhelgi gagnvart handtöku og varðhaldi og gagnvart haldlagningu persónulegs farangurs þeirra, nema þegar um ræðir alvarlegan glæp eða þegar viðkomandi verður uppvís að því að fremja, gera tilraun til að fremja eða hefur rétt framið brot,
 - b) friðhelgi gagnvart lögsögu, jafnvel eftir að erindi þeirra lýkur, að því er varðar athafnir þeirra, þ.m.t. töluð orð og rituð, þegar þeir gegna hlutverkum sínum; fyrrnefnd friðhelgi skal þó ekki eiga við er um ræðir umferðalagabrot, sem fulltrúi aðildarríkis fremur, né þegar um ræðir tjón sem hlýst af ökutæki eða annars konar flutningatæki sem fyrrnefndur fulltrúi á eða ekur,
 - c) friðhelgi gagnvart öllum opinberum pappírnum þeirra og skjölum,
 - d) undanþágu frá öllum ráðstöfunum sem takmarka innflutning fólks og frá formsatriðum vegna skráningar útlendinga,
 - e) sitja við sama borð og fulltrúar erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, að því er varðar reglur um gjaldeyri og gjaldeyrisskipti,
 - f) sitja við sama borð og fulltrúar erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, að því er varðar tollestirlit með persónulegum farangri þeirra,
2. Sérréttindi og friðhelgi eru ekki veitt fulltrúum aðildarríkja sem einstaklingum í þeirra eigin þágu, heldur í því skyni að tryggja þeim algjört sjálfstæði þegar þeir gegna hlutverkum sínum í tengslum við EUMETSAT.
Þar af leiðandi ber aðildarríki ávallt skylda til að afsala friðhelgi fulltrúa þegar varðveisla hennar myndi torvela framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni án þess að rýra þann tilgang sem hún var veitt í.
3. Engu aðildarríki ber skylda til að veita eigin fulltrúum sérréttindi og friðhelgi.

10. gr.
Starfsmenn.

Starfsmenn EUMETSAT njóta eftirfarandi sérreittinda og friðhelgi:

- a) friðhelgi gagnvart lögsögu, jafnvel eftir að þeir hafa hætt störfum hjá EUMETSAT, að því er varðar athafnir þeirra, þ.m.t. rituð orð og töluð, þegar þeir gegndu hlutverki sínu; skal fyrrnefnd friðhelgi þó ekki eiga við er um ræðir umferðalagabrot, sem starfsmaður fremur, né þegar um ræðir tjón sem hlýst af ökutæki eða annars konar flutningatæki sem starfsmaðurinn á eða ekur,
- b) undanþágu frá öllum skyldum viðvíkjandi þegnaskyldu, m.a. herþjónustu,
- c) friðhelgi gagnvart öllum pappírnum sínum og skjölum,
- d) undanþágu frá öllum ráðstöfunum sem takmarka innflutning fólks og frá formsatriðum vegna skráningar útlendinga; hið sama gildir um fjölskyldumeðlimi þeirra sem búa á heimilum þeirra,
- e) sömu skilyrða til heimfarar, þegar alþjóðlegt hættuástand ríkir, og starfsmenn alþjóðastofnana njóta að jafnaði; hið sama gildir um fjölskyldumeðlimi þeirra sem búa á heimilum þeirra,
- f) sitja við sama borð og starfsmenn alþjóðastofnana gera að jafnaði, að því er varðar reglur um gjaldeyri og gjaldeyrisskipti,
- g) undanþágu frá öllum innlendum tekjusköttum á laun sín og þóknunir sem EUMETSAT greiðir þeim, að undanskildum lífeyri og öðrum álíka launum sem EUMETSAT greiðir, frá þeim degi þegar starfsmönnum ber að greiða EUMETSAT skatt af launum sínum frá stofnuninni. Aðildarríkin áskilja sér rétt til þess að taka tillit til þessara launa og þóknana þegar mat er lagt á hve háan skatt skal leggja á tekjur annars staðar frá,

- h) réttarins til þess að flytja inn, tollfrjálst og án þess að greiða önnur innflutningsgjöld, húsgögn sín og persónulegar eigur, þ.m.t. ökutæki, þegar þeir taka við starfi sínu á yfirráðasvæði aðildarríkis og réttarins til þess að flytja þau út án þess að greiða toll þegar störfum þeirra lýkur, með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í lögum og reglum viðkomandi aðildarríkis. Vörur, sem eru fluttar inn og eru undanþegnar samkvæmt þessari málsgrein, skal ekki selja, leigja út eða afhenda gegn greiðslu eða gjaldfrjálst, nema samkvæmt þeim skilyrðum sem aðildarríkin, sem hafa veitt undanþágurnar, ákveða.

11. gr.

Aðalframkvæmdastjóri.

Auk þeirra forrættinda og friðhelgi sem starfsmenn njóta skv. 10. gr. skal aðalframkvæmdastjórinn njóta:

- a) friðhelgi gagnvart handtöku og varðhaldi, nema hann sé uppvís að því að fremja, gera tilraun til að fremja eða hefur rétt framið brot,
- b) friðhelgi gagnvart einkamála- og framkvæmdarvaldslögsögu og fullnustuaðgerðum, sem stjórnarereindrekar njóta, nema þegar um ræðir tjón sem hlýst af ökutæki eða annars konar flutningatæki sem hann á eða ekur,
- c) fullrar friðhelgi gagnvart refsiréttarlögsögu, nema þegar um ræðir umferðarlagabrot þar sem ökutæki eða annars konar flutningatæki, sem hann á eða ekur, kemur við sögu, með fyrirvara um ákvæði a-liðar hér að framan,
- d) sama sveigjanleika viðvíkjandi tollafgreiðslu persónulegs farangurs og sendierindrekar njóta.

12. gr.

Félagslegar tryggingar.

Að því tilskildu að félagslegt tryggingakerfi EUMETSAT, sem veitir nægilegan ávinning, gildi fyrir starfsmenn stofnunarinnar, skulu EUMETSAT og starfsmenn stofnunarinnar vera undanþegin skylduiddgjöldum til innlendra almannatryggingakerfa, með fyrirvara um samninga sem skal gera við viðkomandi aðildarríki í samræmi við ákvæði 19. gr. eða um jafngildar ráðstafanir sem aðildarríkin gera eða um önnur viðeigandi ákvæði sem í gildi eru í aðildarríkjunum.

13. gr.

Sérfræðingar.

Sérfræðingar, aðrir en starfsmenn, skulu njóta eftirfarandi sérrættinda og friðhelgi þegar þeir vinna skyldustörf sín fyrir EUMETSAT eða ganga erinda stofnunarinnar:

- a) friðhelgi gagnvart lögsögu, jafnvel eftir að þeir hafa lokið erindagjörðum sínum, að því er varðar athafnir þeirra, þ.m.t. orð töluð og rituð, þegar þeir gegndu hlutverkum sínum; skal fyrrnefnd friðhelgi þó ekki eiga við er um ræðir umferðalagabrot, sem sérfræðingur fremur, né þegar um ræðir tjón sem hlýst af ökutæki eða annars konar flutningatæki sem hann á eða ekur,
- b) friðhelgi að því er varðar alla pappíra þeirra og skjöl,
- c) undanþágu frá öllum ráðstöfunum sem takmarka innflutning fólks og frá formsatriðum vegna skráningar útlendinga,
- d) sitja við sama borð og fulltrúar erlendra ríkja, sem eru í tímabundnum opinberum erinda-gerðum, að því er varðar reglur um gjaldeyri og gjaldeyrisskipti.

14. gr.

Afsal.

1. Þau sérrættindi og friðhelgi sem kveðið er á um í bókun þessari eru ekki veitt starfsmönnum og sérfræðingum sem einstaklingum í þeirra eigin þágu. Þau eru einungis veitt til þess að tryggja, í öllum tilvikum, óhindraða starfsemi EUMETSAT og algert sjálfstæði þeirra einstaklinga sem þau eru veitt.
2. Aðalframkvæmdastjóranum er skylt að afsala friðhelgi starfsmanns eða sérfræðings í öllum tilvikum þegar varðveisla hennar myndi torvela framgang réttvísinnar og unnt er að afsala henni

án þess að skaða hagsmuni EUMETSAT. Í tilviki aðalframkvæmdastjórans er ráðið til þess bært að afsala fyrrnefndri friðhelgi.

15. gr.

Tilkynning um starfsmenn og sérfræðinga.

Aðalframkvæmdastjóri EUMETSAT skal tilkynna, að minnsta kosti einu sinni ár hvert, aðildarríkjunum nöfn og ríkisfang starfsmanna og sérfræðinga stofnunarinnar.

16. gr.

Koma, dvöl og brottför.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að greiða fyrir komu og dvöl fulltrúa aðildarríkja, starfsmanna og sérfræðinga og brottför þeirra frá yfirráðasvæðum sínum.

17. gr.

Öryggi.

Ákvæði bókunar þessarar skerða ekki rétt sérhvers aðildarríkis til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir vegna öryggis þess.

18. gr.

Samstarf við aðildarríki.

EUMETSAT skal ávallt vinna með lögbærum stjórnvöldum aðildarríkja í því skyni að greiða fyrir tilhlýðilegri réttarvörslu, að tryggt sé að farið sé að lögum og reglum og að komið sé í veg fyrir að þau sérréttindi, sú friðhelgi og aðstaða sem kveðið er á um í bókun þessari séu misnotuð.

19. gr.

Uppbótarsamningar.

EUMETSAT er heimilt að gera uppbótarsamninga við eitt aðildarríki eða fleiri til þess að framfylgja ákvæðum bókunar þessarar að því er það eða þau varðar, einnig annars konar samkomulag til þess að tryggja að stafsemi EUMETSAT gangi snurðulaust fyrir sig.

20. gr.

*Sérréttindi og friðhelgi fyrir ríkisborgara
og einstaklinga með fasta búsetu.*

Engu aðildarríki er skylt að veita eigin ríkisborgurum eða einstaklingum með fasta búsetu á yfirráðasvæði sínu sérréttindi og friðhelgi er um getur í 9. gr., b-, d-, e-, f- og h-lið 10. gr., 11. gr. og c- og d-lið 13. gr.

21. gr.

Gerðardómsákvæði í skriflegum samningum.

Þegar EUMETSAT gerir skriflega samninga, aðra en þá sem eru gerðir samkvæmt starfsmannareglum, skal stofnunin setja inn gerðardómsákvæði. Í gerðardómsákvæðum eða sérstökum samningi um gerðardóm, sem er gerður í þessu skyni, skal tilgreina þau lög og þá málsmeðferð sem gildir, samsetningu gerðardómsins, tilhögun tilnefningar gerðarmanna og aðsetur gerðardómsins. Um fullnustu úrskurðar gerðardómsins gilda þær reglur sem í gildi eru í því ríki sem hefur yfirráð á því landsvæði þar sem úrskurðinum skal fullnægt.

22. gr.

*Lausn deilumála um tjón, ábyrgð utan samninga
eða starfsmenn og sérfræðinga.*

Öllum aðildarríkjum er heimilt að leggja hvaða deilu sem er í gerð í samræmi við ákvæði 15. gr. samningsins, þ.e. deilu:

- a) sem rís vegna tjóns sem EUMETSAT veldur,
- b) sem varðar hvers kyns ábyrgð EUMETSAT utan samninga,

- c) sem varðar starfsmann eða sérfræðing og þar sem viðkomandi einstaklingur getur krafist friðhelgi gagnvart lögsögu, sé friðhelgi ekki afsalað.

23. gr.

Lausn deilumála um túlkun eða beitingu bóknar þessarar.

Deilu milli EUMETSAT og aðildarríkis eða milli tveggja aðildarríkja eða fleiri um túlkun eða beitingu bóknar þessarar, sem er ekki leyst með samningum eða fyrir atbeina ráðsins, skal, að beiðni hvaða deiluaðila sem er, leggja í gerð í samræmi við ákvæði 15. gr. samningsins.

24. gr.

Gildistaka, gildistími og uppsögn.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar eða aðildar fyrir þau ríki sem eiga aðild að samningnum.
2. Fyrirnefnd ríki gerast aðilar að bókun þessari:
 - annaðhvort með undirritun sem er óháð fullgilding, staðfestingu eða samþykki,
 - eða með því að afhenda ríkisstjórn Ríkjasambandsins Sviss, sem skal vera vörsluaðili, til vörslu skjal um fullgilding, staðfestingu eða samþykki, hafi bókunin verið undirrituð með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki,
 - eða, að öðrum kosti, með því að afhenda aðildarskjal til vörslu.Ríkisstjórn Ríkjasambandsins Sviss skal tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað samninginn eða gerst aðilar að honum og aðalframkvæmdastjóra EUMETSAT um þessar undirritanir, um afhendingu skjala um fullgilding, staðfestingu eða samþykki til vörslu, gildistöku bóknar þessarar, uppsagnir bóknar þessarar og um gildislok hennar. Við gildistöku bóknar þessarar skal vörsluaðili afhenda hana aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
3. Bókun þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að sex ríki undirrita hana án þess að undirritanir þeirra séu háðar fullgilding, staðfestingu eða samþykki eða þrjátíu dögum eftir þann dag þegar skjöl þeirra um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild eru afhent til vörslu.
4. Þegar bókun þessi hefur öðlast gildi skal hún taka gildi gagnvart ríkjum, sem hafa undirritað hana án þess að undirritanir þeirra séu háðar fullgilding, staðfestingu eða samþykki eða sem hafa afhent skjöl sín um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, þrjátíu dögum eftir undirritunardag eða þann dag þegar viðeigandi skjöl eru afhent til vörslu.
5. Bókun þessi heldur gildi sínu uns samningurinn fellur úr gildi.
6. Segi aðildarríki samningnum upp í samræmi við ákvæði 19. gr. hans, gefur það sjálfkrafa til kynna uppsögn bóknar þessarar af þess hálfu.

PROTOCOL
ON THE PRIVILEGES AND IMMUNITIES
OF THE EUROPEAN ORGANISATION FOR THE EXPLOITATION
OF METEOROLOGICAL SATELLITES
(EUMETSAT)

entered into force on 5 January 1989,
as amended in accordance with notification of
the Depository of the Protocol on Privileges and Immunities
dated 12 January 2004

PREAMBLE

The States parties to the Convention for the Establishment of a European Organisation for the Exploitation of Meteorological Satellites (EUMETSAT), opened for signature at Geneva on 24 May 1983, as amended by the Amending Protocol attached to Council Resolution EUM/C/Res. XXXVI, which entered into force on 19 November 2000 (hereinafter referred to as the "Convention");

WISHING to define the privileges and immunities in accordance with Article 13 of the Convention;

AFFIRMING that the purpose of the privileges and immunities set forth in this Protocol is to ensure the efficient performance of the official activities of EUMETSAT;

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

Use of terms

For the purposes of this Protocol:

- a) "Member State" means a State party to the Convention;
- b) "archives" means all records, including correspondence, documents, manuscripts, photographs, films, optical and magnetic recordings, data recordings and computer programmes, belonging to or held by EUMETSAT;
- c) "official activities" of EUMETSAT means all activities carried out by EUMETSAT in pursuance of its objectives as defined in Article 2 of the Convention and includes its administrative activities;
- d) "property" means anything that may be subject to a right of ownership as well as contractual rights;
- e) "representatives" of Member States means representatives and their advisers;
- f) "staff members" means the Director-General and all persons employed by EUMETSAT, holding permanent appointments and who are subject to its Staff Rules;
- g) "expert" means a person other than a staff member appointed to carry out a specific task on behalf of EUMETSAT and at its expense.

ARTICLE 2

Legal personality

EUMETSAT shall have legal personality in accordance with Article 1 of the Convention. It shall in particular have the capacity to contract, to acquire and dispose of movable and immovable property, and to be a party to legal proceedings.

ARTICLE 3

Inviolability of archives

The archives of EUMETSAT shall be inviolable.

ARTICLE 4

Immunity from jurisdiction and execution

1. Within the scope of its official activities, EUMETSAT shall have immunity from jurisdiction and execution, except:
 - a) in so far as, by decision of the Council, it has expressly waived such immunity in a particular case; the Council has the duty to waive this immunity in all cases where reliance upon it would impede the course of justice and it can be waived without prejudicing the interests of EUMETSAT;
 - b) in respect of a civil action by a third party for damage arising from an accident caused by a vehicle or other means of transport belonging to or operated on behalf of EUMETSAT or in respect of a traffic offence involving such means of transport;
 - c) in respect of the execution of an arbitration award made under Article 21, 22 or 23 of this Protocol or Article 15 of the Convention;
 - d) in the event of the attachment, pursuant to a decision by the administrative or judicial authorities, of the salaries and emoluments, including pension rights, owed by EUMETSAT to a staff member or a former staff member;
 - e) in respect of a counterclaim directly connected with judicial proceedings initiated by EUMETSAT;
 - f) in respect of any commercial activity in which EUMETSAT might engage.
2. The property of EUMETSAT, wherever located, shall be immune:
 - a) from any form of requisition, confiscation or expropriation;
 - b) from any form of sequestration and administrative or provisional judicial constraint, except in the cases provided for in the preceding paragraph.

ARTICLE 5

Fiscal and custom provisions

1. Within the scope of its official activities, EUMETSAT, its property and income shall be exempt from direct taxes.
2. When purchases or services of substantial value and necessary for the exercise of the official activities of EUMETSAT are made or used by EUMETSAT and when the price of such purchases and services includes taxes or duties, the Member State that has levied the taxes or duties shall take appropriate measures to grant exemption from such taxes or duties or to provide for their reimbursement, if they are identifiable.
3. Goods imported or exported by EUMETSAT and necessary for the exercise of its official activities shall be exempt from all import and export duties and taxes and from all import or export prohibitions and restrictions.
4. The provisions of this Article shall not apply to taxes or duties which are no more than charges for public utility services.
5. Goods acquired or imported and exempted under this Article shall not be sold, hired out, lent or given away against payment or free of charge, except in accordance with conditions laid down by the Member States which have granted exemptions or reimbursements.

ARTICLE 6

Funds, currency and securities

EUMETSAT may receive and hold any kind of funds, currency, cash and securities. It may dispose of them freely for any of its official activities and hold accounts in any currency to the extent required to meet its obligations.

ARTICLE 7

Communication

1. For its official communications and the transfer of all its documents, EUMETSAT shall enjoy treatment no less favourable than that accorded by each Member State to other comparable international organisations.

2. With regard to the transmission of data within the scope of its official activities, EUMETSAT shall enjoy in the territory of each Member State treatment as favourable as that accorded by that State to its National Meteorological Service, taking into account the international obligations of that State in respect of telecommunications.

ARTICLE 8

Publications

The circulation of publications and other information material sent by or to EUMETSAT shall not be restricted in any way.

ARTICLE 9

Representatives

1. Representatives of Member States shall, while exercising their official functions and in the course of their journeys to and from the place of meeting, enjoy the following privileges and immunities:
 - a) immunity from arrest and detention, and from seizure of their personal luggage, except in the case of a grave crime or when found committing, attempting to commit or just having committed an offence;
 - b) immunity from jurisdiction, even after the termination of their mission, in respect of acts, including words spoken and written, done by them in the exercise of their functions; this immunity shall not apply, however, in the case of a traffic offence committed by a representative of a Member State, nor in the case of damage caused by a vehicle or other means of transport belonging to or driven by him;
 - c) inviolability for all their official papers and documents;
 - d) exemption from all measures restricting immigration and from aliens' registration formalities;
 - e) the same treatment in the matter of currency and exchange regulations as is accorded to the representatives of foreign governments on temporary official missions;
 - f) the same treatment in the matter of customs as regards their personal luggage as is accorded to the representatives of foreign governments on temporary official missions.
2. Privileges and immunities are accorded to representatives of Member States not for their personal advantage but in order to ensure complete independence in the exercise of their functions in connection with EUMETSAT. Consequently, a Member State has the duty to waive the immunity of a representative wherever retaining it would impede the course of justice and it can be waived without prejudicing the purposes for which it was accorded.
3. No Member State shall be obliged to accord privileges and immunities to its own representatives.

ARTICLE 10

Staff members

The staff members of EUMETSAT shall enjoy the following privileges and immunities:

- a) immunities from jurisdiction, even after they have left the service of EUMETSAT, in respect of acts, including words written and spoken, done by them in the exercise of their function; this immunity shall not apply, however, in the case of a traffic offence committed by a staff member, nor in the case of damage by a vehicle or other means of transport belonging to or driven by him;
- b) exemption from all obligations in respect of national service, including military service;
- c) inviolability for all their official papers and documents;
- d) together with members of their families forming part of their households, exemption from all measures restricting immigration and from aliens' registration formalities;
- e) together with members of their families forming part of their households, the same facilities as to repatriation, in time of international crisis as are normally accorded to staff members of international organisations;
- f) the same treatment in respect of currency and exchange regulations as is normally accorded to staff members of international organisations;

- g) exemption from all national income tax on their salaries and emoluments paid to them by EUMETSAT, excluding pensions and other similar benefits paid by EUMETSAT, from the date upon which staff members have begun to be liable for a tax on their salaries by EUMETSAT for the latter's benefit. The Member States reserve the right to take those salaries and emoluments into account when assessing the amount of tax to be applied to income from other sources;
- h) the right to import free of custom duties and other import charges their furniture and personal effects, including a motor vehicle, at the time of taking up their post in the territory of a Member State, and the right to export them free of duty upon termination of their functions, subject to the conditions laid down by the laws and regulations of the Member State concerned. Goods imported and exempted under this paragraph shall not be sold, hired out, lent or given away against payment or free of charge, except in accordance with the conditions laid down by the Member States which have granted the exemptions.

ARTICLE 11

Director-general

In addition to the privileges and immunities provided for staff members under Article 10, the Director-General shall enjoy:

- a) immunity from arrest and detention, except when found committing, attempting to commit or just having committed an offence;
- b) immunity from civil and administrative jurisdiction and execution enjoyed by diplomatic agents, except in the case of damage caused by a vehicle or other means of transport belonging to or driven by him;
- c) full immunity from criminal jurisdiction, except in the case of a traffic offence caused by a vehicle or other means of transport belonging to, or driven by him, subject to sub-paragraph a) above.
- d) the same customs facilities as regards his personal luggage as are accorded to diplomatic agents.

ARTICLE 12

Social security

Provided that the staff members are covered by a social security scheme of EUMETSAT providing adequate benefits, EUMETSAT, and its staff members shall be exempt from all compulsory contributions to national social security schemes, subject to agreements to be concluded with Member States concerned in accordance with Article 19 or equivalent measures taken by the Member States or other relevant provisions in force in the Member States.

ARTICLE 13

Experts

Experts other than staff members shall enjoy the following privileges and immunities while performing their duties for EUMETSAT or carrying out missions on its behalf:

- a) immunity from jurisdiction, even after the termination of their mission, in respect of acts, including words spoken and written, done by them in the exercise of their functions; this immunity shall not apply, however, in the case of a traffic offence committed by an expert, nor in the case of damage caused by a vehicle or other means of transport belonging to or driven by him;
- b) inviolability for all their official papers and documents;
- c) exemption from all measures restricting immigration and from aliens' registration formalities;
- d) the same treatment in the matter of currency and exchange regulations as is accorded to the representatives of foreign governments on temporary official missions.

ARTICLE 14

Waiver

1. The privileges and immunities provided for in this Protocol are not granted to staff members and experts for their personal advantage. They are provided solely to ensure, in all circumstances, the unimpeded functioning of EUMETSAT and the complete independence of the persons to whom they are accorded.
2. The Director-General has the duty to waive the immunity of a staff member or an expert in all cases wherever retaining it would impede the course of justice and it can be waived without prejudicing the interests of EUMETSAT. In the case of the Director-General, the Council is competent to waive such immunity.

ARTICLE 15

Notification of staff members and experts

The Director-General of EUMETSAT shall at least once every year notify the Member States of the names and nationalities of the staff members and experts.

ARTICLE 16

Entry, stay and departure

Member States shall take all appropriate measures to facilitate the entry into, stay in, or departure from their territories of representatives of Member States, staff members and experts.

ARTICLE 17

Security

The provisions of this Protocol shall not prejudice the right of each Member State to take all precautionary measures necessary in the interests of its security.

ARTICLE 18

Cooperation with member states

EUMETSAT shall co-operate at all times with the competent authorities of Member States in order to facilitate the proper administration of justice, to ensure the observance of the laws and regulations, and to prevent any abuse of the privileges, immunities and facilities provided for in this Protocol.

ARTICLE 19

Complementary agreements

EUMETSAT may conclude with one or more Member States complementary agreements to give effect to the provisions of this Protocol as regards such State or States, and other arrangements to ensure the efficient functioning of EUMETSAT.

ARTICLE 20

Privileges and immunities for nationals and permanent residents

No Member State shall be obliged to accord the privileges and immunities referred to in Articles 9, 10 b), d), e), f) and h), 11 and 13 c) and d) to its own nationals or permanent residents.

ARTICLE 21

Arbitration clause in written contracts

When concluding written contracts, other than those concluded in accordance with the Staff Regulations, EUMETSAT shall provide for arbitration. The arbitration clause or the special arbitration agreement concluded to this end shall specify the law and procedure applicable, the composition of the tribunal, the procedure for the appointment of the arbitrators and the seat of the tribunal. The execution of the arbitration award shall be governed by the rules in force in the State on whose territory the award is to be executed.

ARTICLE 22

*Settlement of disputes concerning damage,
non-contractual responsibility or staff members and experts*

Any Member State may submit to arbitration in accordance with the procedure provided for in Article 15 of the Convention any dispute

- a) arising out of damage caused by EUMETSAT;
- b) involving any other non-contractual responsibility of EUMETSAT;
- c) involving a staff member or an expert and in which the person concerned can claim immunity from jurisdiction, if this immunity is not waived.

ARTICLE 23

*Settlement of disputes concerning the interpretation
or application of this protocol*

Any dispute between EUMETSAT and a Member State or between two or more Member States concerning the interpretation or application of this Protocol which is not settled by negotiations or through the Council shall, at the request of any party to the dispute, be submitted to arbitration in accordance with the procedure provided for in Article 15 of the Convention.

ARTICLE 24

Entry into force, duration and termination

1. This Protocol shall be open for signature or accession by the States parties to the Convention.
2. The said States shall become parties to this Protocol:
 - either by signature that is not subject to ratification, acceptance or approval;
 - or by the deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval with the Government of the Swiss Confederation, which shall be the depositary, if the Protocol has been signed subject to ratification, acceptance or approval;
 - alternatively, by the deposit of an instrument of accession.The Swiss Government shall notify all States that have signed or acceded to the Convention and the Director-General of EUMETSAT of the signatures, of the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the entry into force of this Protocol, any denunciation of this Protocol, and of its expiry. Upon the entry into force of this Protocol, the depositary shall register it with the Secretary General of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.
3. This Protocol shall enter into force thirty days after its signature by six States without their signatures being subject to ratification, acceptance or approval, or thirty days after the date of deposit of their instruments of ratification, acceptance, approval or accession.
4. Once this Protocol has entered into force, it shall take effect vis-à-vis the States that have signed it without their signatures being subject to ratification, acceptance or approval, or which have deposited their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, thirty days after the date of signature or of deposit of the relevant instrument.
5. This Protocol shall remain in force until the expiry of the Convention.
6. Any denunciation of the Convention by a Member State in accordance with Article 19 of the Convention shall automatically imply denunciation by that State of this Protocol.